



Reykjavíkurborg

Endurskoðunarskýrsla vegna endurskoðunar ársreiknings 2019

30. apríl 2020





Grant Thornton

An instinct for growth™

30. apríl 2020

Borgarstjórn Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík

Skýrsla þessi er gerð í tengslum við vinnu okkar við endurskoðun á ársreikningi Reykjavíkurborgar vegna ársins 2019 sem lagður verður fyrir borgarstjórn til fyrri umræðu þann 5. maí 2020. Við munum árita hann samhliða afgreiðslu og áritun borgarstjórnar við síðari umræðu með fyrirvaralausri áritun, komi ekki fram mikilvægar upplýsingar sem gætu haft áhrif á álit okkar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Reykjavíkurborgar á árinu 2019, efnahag hennar 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og aðrar reglur um reikningsskil sveitarfélaga.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka.

Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits er varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki til þess að gefa álit á virkni á innra eftirliti samstæðunnar. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Sturla Jónsson og Theodór S. Sigurbergsson árita ársreikning borgarinnar fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf. Báðir eru löggiltir endurskoðendur og eigendur hjá Grant Thornton.

Grant Thornton endurskoðun ehf. var kosið endurskoðunarfyrirtæki Reykjavíkurborgar á árinu 2018 til 5 ára. Er því lokið endurskoðun á öðrum ársreikningi tímabilsins.

f.h. Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Theodór S. Sigurbergsson
Löggiltur endurskoðandi

J. Sturla Jónsson
Löggiltur endurskoðandi

Kafli 1

Um endurskoðunina og helstu áherslur



Um endurskoðunina



Rammi endurskoðunar

Endurskoðendur og störf þeirra heyra undir lög nr. 79/2008 um endurskoðendur. Endurskoðendum ber að framkvæma endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) og alþjóðlegan staðal um gæðaeftirlit. Einnig berum við skyldur samkvæmt, sveitarstjórnarlögum, lögum um ársreikninga og öðrum sérlögum.

Öllum aðildarfélögum Grant Thornton International Ltd. er skylt að starfa eftir sömu aðferðafræði. Aðferðafræðin byggir á alþjóðlegu endurskoðunarstöðlunum. Auk þess nota aðildarfélög Grant Thornton sama skjölunarkerfi.

Óhæðismál

Grant Thornton endurskoðun ehf. er óháður endurskoðandi félagsins. Hluti af upphafságerðum okkar er að meta hvort aðstæður séu fyrir hendi sem ógna óhæði okkar.

Allir meðlimir endurskoðunarteymisins hafa skrifað undir óhæðisyfirlýsingu gagnvart félaginu. Aðilar endurskoðunarteymisins hafa einnig undirritað trúnaðaryfirlýsingu sem afhent er félaginu.

Þá höfum við afhent endurskoðunarnefnd sérstaka óhæðisyfirlýsingu í samræmi við ákvæði laga um endurskoðendur.



Fundir með stjórnendum, lykilstarfsmönnum og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

Við funduðum með helstu stjórnendum og lykilstarfsmönnum borgarinnar á meðan endurskoðuninni stóð. Á þessum fundum höfum við farið yfir starfsemi og ferla Reykjavíkurborgar ásamt athugasemdum og ábendingum sem upp hafa komið. Einnig höfum við fundað með stjórnnum og stjórnendum þeirra B-hluta fyrirtækja sem endurskoðunin náði til.

Við höfum átt fundi með endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar nokkrum sinnum yfir árið. Á þeim fundum höfum við farið yfir álitamál sem upp hafa komið við endurskoðunina. Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar er jafnframt endurskoðunarnefnd flestra B-hluta fyrirtækja.



Ráðningarbréf

Við höfum útbúið ráðningarbréf vegna endurskoðunar reikningsársins 2019 og fengið undirritað af borgarstjóra. Þá gildir verksamningur gerður við Reykjavíkurborg og tilgreind B-hluta fyrirtæki dags. 11. júlí 2018. Samningurinn byggir á tilboði sem lagt var fram af okkur í kjölfar útboðs Reykjavíkurborgar og tilgreindra B-hluta fyrirtækja haustið 2017.

Um endurskoðunina



Framsetning ársreiknings

Starfsemi Reykjavíkurborgar er skipt í A-hluta og B-hluta. Til A-hluta telst Aðalsjóður og Eignasjóður. Til B-hluta teljast þau fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu borgarinnar og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Grant Thornton endurskoðun ehf. eru kjörnir endurskoðendur flestra fyrirtækja sem teljast til B-hluta, nánar tiltekið Orkuveitu Reykjavíkur, Faxafloahafna sf., Félagsbústaða hf., Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf., Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., SORPU bs, Strætó bs. og Þjóðarleikvangs hf.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög og reglugerðir um framsetningu og ársreikninga sveitarfélaga. Orkuveita Reykjavíkur og Félagsbústaðir hf. gera ársreikninga sína í samræmi við Alþjóðlega reikningsskilastaðla IFRS en reikningsskil þeirra eru færð óbreytt í samanteknum ársreikningi fyrir A- og B-hluta.

Mikilvægismörk endurskoðunarinnar

Mikilvægismörk eru einn af grunnþáttum endurskoðunar en þau marka umfang endurskoðunaraðgerða.

Heildarmikilvægismörk A- og B-hluta höfum við ákvarðað 0,5% af heildareignum eða 3.300 millj.kr. og sérstök mikilvægismörk sem dreift er yfir einstaka liði nema 2.000 millj.kr.

Heildarmikilvægismörk A-hluta höfum við ákvarðað 0,75% af rekstrartekjum eða 950 millj.kr. og sérstök mikilvægismörk sem dreift er yfir einstaka liði nema 570 millj.kr.



Helstu áhersluatriði og áhættuþættir

Endurskoðun er áhættumiðuð. Í því felst að okkur ber að skilgreina og tilgreina í hvaða liðum reikningsskilanna og í hvaða staðhæfingum áhætta á rangfærslum sé helst að finna. Þar sem veruleg áhætta á rangfærslum í reikningsskilunum liggur fyrir ber okkur að bregðast sérstaklega við með viðeigandi endurskoðunaraðgerðum.

Helstu áhættuþættir sem skilgreindir voru við endurskoðunina eru:

- Mat á gangvirði framleiðslukerfa rafmagns (OR) - [lykilatriði](#)
- Mat innbyggðra afleiða í raforkusamningum (OR) - [lykilatriði](#)
- Innlausn tekna (allar einingar) - [lykilatriði](#)
- Nákvæmni og tilvist varanlegra rekstrarfjármuna (A-hluti, OR) – [lykilatriði](#)
- Mat langtímakrafna, vegna úthlutaðra lóða og seldra byggingaréttanna (A-hluti)
- Veiting stofnframlaga (A-hluti, Félagsbústaðir)
- Mat lífeyrisskuldbindinga (A-hluti)
- Mat fjárfestingareigna (Félagsbústaðir)
- Viðskipti við tengda aðila og innan samstæðu (öll félög)
- Áhættan á sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti (allar einingar)

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2019. Gerð er sérstaklega grein fyrir þeim í áritun okkar á ársreikninginn.

Um endurskoðunina



Veikleikar í innra eftirliti

Við endurskoðun okkar höfum við aflað okkur þekkingar á rekstrarumhverfi og innra eftirliti Reykjavíkurborgar. Ef við verðum vör við verulega ágalla í innra eftirliti ber okkur að upplýsa borgarstjórn og endurskoðunarnefnd um slíka ágalla skriflega og er þá gerð grein fyrir þeim í þessari skýrslu. Þá höfum tekið saman ýmsar smávægilegri ábendingar og athugasemdir er varðar innra eftirlit og ferli við gerð reikningsskila og komið á framfæri við stjórnendur. Sjá nánar í kafla 3.



Óleiðréttar skekkjur

Skekkjur fundust við endurskoðun okkar sem reyndust yfir skráningarmörkum og hafa ekki verið leiðréttar í reikningsskilunum. Skekkjurnar eru ekki þess eðlis að hafa áhrif á álit okkar á reikningsskilunum, hvorki samanlagðar né einar og sér. Þeim hefur verið safnað saman á lista sem lagður er fyrir stjórnendur til upplýsinga og staðfestingar.

Samanlögð skekkja er í rekstrarniðurstöðu A-hluta sem nemur 121,7 millj.kr. og er eigið fé vanmetið sem nemur sömu fjárhæð. Þá eru eignir ofmetnar um 24,3 millj.kr. og skuldir vanmetnar um 97,3 millj.kr.

Samanlögð skekkja er í rekstrarniðurstöðu A- og B-hluta sem nemur 95,1 millj.kr og er eigið fé ofmetið sem nemur sömu fjárhæð. Þá eru eignir vanmetnar um 196,4 millj.kr. og skuldir vanmetnar um 60,1 m.kr.

Helstu áherslur við endurskoðun

Mat á gangvirði framleiðslukerfa

Dreifikerfi og framleiðslukerfi Orkuveitu Reykjavíkur eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningi A- og B-hluta, sem er gangvirði þeirra á endursmatsdegi að frádregnum afskriftum frá þeim tíma. Endurmat eigna er fært yfir eigið fé. Endurmat ársins 2019 nam 12,8 ma. kr. samanborið við 3,7 ma. kr. endurmat árið 2018.

Endurmatið er byggt á gangvirði en gangvirðið er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnverði. Endurstofnverðið byggir á breytingu á byggingarvísitölu ef breytingin telst veruleg. Endurmat eigna er þó takmarkað við fjárhæð sem nemur núvirtu sjóðstreymi tekjuaflandi eininga. Núvirt sjóðstreymi er mjög næmt fyrir forsendum sem háðar eru mati stjórnenda. Af þeim sökum höfum við skilgreint mat dreifi- og framleiðslukerfa sem verulega áhættu við endurskoðunina.

Við höfum yfirfarið ferli OR við mat á varanlegum fastafjármunum. Við förum yfir aðferðafræði félagsins og lögðum mat á forsendur stjórnenda með samanburði á opinberum upplýsingum þar sem það á við. Í þeim tilvikum þar sem forsendur eru ekki rekjanlegar við opinberar upplýsingar leggjum við sjálfstætt mat á þær. Við förum einnig yfir virkni líkansins sem félagið notar við matið. Við þessa skoðun var verðmatssérfræðingur notaður til aðstoðar.



Mat innbyggðrar afleiðu

Innbyggð afleiða í raforkusölusamningum Orkuveita Reykjavíkur er færð sérstaklega þar sem verð ákveðinna raforkusamninga við stórnotendur eru bundnir við álverð. Þar sem áhætta á sölu á rafmagni og álverði er ekki nátengd gera reikningsskilastaðlar kröfu um að áhættan er snýr að tengingu við álverð sé metin sérstaklega.

Innbyggðar afleiður raforkusölusamninga eru færðar til eignar eða skuldar á efnahagsreikningi á gangvirði á uppgjörstigi og gangvirðisbreyting ársins er færð í rekstrarreikning. Áhrif innbyggðar afleiðu á ársreikninginn eru eftirfarandi:

<i>í millj.kr.</i>	2019	2018
Gangvirði innbyggðra afleiða í ársbyrjun.....	-5.317	2.224
Breyting á gangvirði.....	-1.362	-7.541
Gangvirði innbyggðra afleiða í árslok.....	-6.679	-5.317

Mat innbyggðrar afleiðu er háð forsendum stjórnenda sem og ytri þáttum. Sökum þess hversu viðkvæmt matið er gagnvart breytingum í forsendum teljum við þessa áhættu vera verulega.

Við höfum yfirfarið ferli Orkuveitunnar við mat á innbyggðu afleiðunni. Við förum yfir aðferðafræði félagsins við matið og bárum saman forsendur við opinberar upplýsingar þar sem þær liggja fyrir og lögðum mat á aðrar forsendur.

Við endurreiknuðum virði afleiðunnar miðað við þær upplýsingar sem við öfluðum. Við förum einnig yfir virkni líkansins sem félagið notar við matið. Við þessa skoðun var verðmatssérfræðingur notaður til aðstoðar.



Helstu áherslur við endurskoðun

Innlausn tekna

Allar rekstrareiningar



Við endurskoðun ársreiknings Reykjavíkurborgar, sem og við endurskoðun B-hluta fyrirtækja, er sérstök áhersla lögð á innlausn tekna. Er það ekki síst í ljósi þeirra krafna endurskoðunarstaðla að sviksemisáhætta sé jafnan bundin tekjuskráningu. Tekjum sveitarfélagsins má gróflega skipta í þrennt, skatttekjum, framlagi jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og aðrar sértekjur sviða og B-hluta félaga. Tekjur skiptast svo:

<i>i ma.kr.</i>	2019	2018	%
Útsvar	78,1	74,3	5%
Fasteignaskattar	21,2	18,4	15%
Skatttekjur samtals	99,3	92,7	7%
Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	7,5	7,4	2%
Sértekjur sviða	16,5	16,2	2%
Sala byggingarréttar og söluhagnaður eigna	0,0	3,5	-99%
Tekjur A-hluta samtals	123,3	119,8	3%
Orkuveita Reykjavíkur	46,6	45,9	1%
Faxaflóahafnir sf	4,1	4,0	4%
Félagsbústaðir hf.	4,5	4,0	12%
Íþrótt- og sýningahöllin hf.	0,4	0,5	-11%
Malbikunarstöðin Höfði hf.	1,9	2,0	-6%
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	3,1	2,9	7%
Sorpa Bs.	3,8	4,2	-8%
Strætó bs.	8,7	8,3	5%
Milliviðskipti	-11,3	-11,6	-2%
Tekjur A- og B-hluta samtals	185,2	180,0	3%

Við endurskoðun á tekjum höfum við lagt mat á eftirlitsþætti í tekjukerfum hverrar rekstrareiningar fyrir sig. Þá höfum við prófað ákveðna eftirlitsþætti er snúa að skráningu tekna. Við höfum skoðað og lagt mat á tölvueftirlitsumhverfi hverrar einingar þ.s. við höfum m.a. farið yfir hvernig aðgangsstýringum er háttáð inn í fjárhagskerfi og í undirkerfi er snúa að tekjuskráningu.

Við höfum beitt gagnaendurskoðunaraðgerðum þar sem við höfum m.a. beðið um staðfestingu ákveðinna viðskiptavina á veltu og viðskiptastöðu um áramót eða staðfest viðskiptastöðu með öðrum hætti.

Við höfum einnig framkvæmt greiningaraðgerðir út frá magn- og verðaukningu þar sem við höfum borið saman væntingar okkar við raunverulega tekjuskráningu.

Tilvist og nákvæmni varanlegra rekstrarfjármuna



Varanlegir rekstrarfjármunir eru stærsti einstaki efnahagsliðurinn og nemur 601,9 ma. kr. árið 2019 samanborið við 553,9 ma. kr. árið 2018 fyrir A- og B-hluta en 153,9 ma. kr. árið 2019 og 145,3 ma. kr. fyrir A-hluta. Sérstök áhersla er lögð á endurskoðun varanlegra rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur.

Við fórum yfir ferli við eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna, m.a. flæði verkbeidnikerfisins við fjárhagskerfið Agresso. Við prófuðum valdar eftirlitsaðgerðir er snúa að eignfærslum og framkvæmdum greiningaraðgerðir er snúa að fyrningarskrám ásamt því að endurreikna fyrningar.

Eignfærslur ársins 2019 staðfestum við með úrtaksprófunum. Við áttum í beinum samskiptum við ábyrgðaraðila verkefna, bæði í Orkuveitunni og hjá Reykjavíkurborg og fórum yfir eðli og tilgang þeirra ásamt samþykki einstaka verkefna innan verkbeidna.

Helstu áherslur við endurskoðun

Stofnframlög vegna almennra íbúða



Reykjavíkurborg hefur veitt stofnframlög í samræmi við lög um almennar íbúðir. Stærstur hluti stofnframlaga er til Bjarg íbúðarfélags hses. en einnig hefur borgin veitt Félagsbústöðum stofnframlög sem nema 496,3 millj.kr.

Stofnframlög borgarinnar sem háð eru endurgreiðslukvöð að ákveðnum skilyrðum uppfylltum eru færð til eignar meðal eignarhluta í félögum og nema þau 3,3 ma. kr. í árslok. Stofnframlög sem ekki eru háð endurgreiðslukvöð eru gjaldfærð.

Á síðasta ári fór fram skoðun af okkar hálfu á meðferð móttækinnar stofnframlaga í reikningsskilum Félagsbústaða. Í Félagsbústöðum hefur verið færð upp skuldbinding vegna stofnframlaga með endurgreiðslukvöð sem færa þarf upp á hverjum reikningsskiladegi. Hún tekur mið af markaðsverði undirliggjandi eigna og tekur þannig breytingum með fasteignaverði. Til að gæta varfærni hefur sambærileg aukning á eignfærðu framlagi borgarinnar ekki verið færð og standa þau á kostnaðarverði.

Mat fjárfestingareigna



Fjárfestingareignir Félagsbústaða námu 92,3 ma. kr. þann 31. desember 2019 og matsbreyting fjárfestingareigna nam 4,8 ma. kr. á árinu 2019 samanborið við 3,0 ma. kr. á árinu 2018.

Fjárfestingarfasteignir eru fasteignir ætlaðar til útleigu eða sölu en ekki til notkunar hjá félaginu. Þær eru metnar á gangvirði í reikningsskilunum í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 40. Við gangvirðismatið er stuðst við fasteignamat á eignum í eigu félagsins sem verðleiðrétt er með vísitölu íbúðarverðs í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu, en fasteignamat tekur mið af viðskiptum með fasteignir í febrúar ár hvert.

Við höfum yfirfarið útreikninga á gangvirðismati og staðfest hækkun á vísitölu íbúðaverðs sem notuð er við matið. Þá höfum við fengið yfirlit yfir eignir í eigu félagsins frá Þjóðskrá Íslands og staðfest heild og tilvist fasteigna.

Við höfum átt viðræður á árinu við endurskoðunarnefnd og stjórn félagsins um hvort beiting staðals IAS 40 sé heimil eða viðeigandi, sjá nánar á bls. 29.

Helstu áherslur við endurskoðun

Mat lífeyrisskuldbindinga



Lífeyrisskuldbinding sem færð er til skuldar í efnahagsreikningi A-hluta nemur 36,3 ma. kr. í árslok og nemur gjaldfærsla vegna skuldbindingarinnar 3,2 ma. kr. á árinu. Gjaldfærsla á síðasta ári nam 4,7 ma. kr.

Við mat á lífeyrisskuldbindingu Reykjavíkurborgar eru notaðar forsendur um dánar- og lífslíkur í samræmi við tillögu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga að breytingu dánar- og eftirlífendataflna frá 1. mars 2015. Þær forsendur gera ráð fyrir að dánartíðni haldi áfram að lækka og meðalævi lengist í stað þess að miða við reynslu undangenginna ára. Útreikningar lífeyrisskuldbindingar eru í höndum tryggingastærðfræðings Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb).

Við höfum yfirfarið þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar mati lífeyrisskuldbindingar. Þá höfum við fundað með tryggingastærðfræðingi, yfirfarið vinnulag hans yfir útreikninga og metið hæfi hans.

Þá höfum við beitt greiningaraðgerðum þar sem settar eru fram væntingar skuldbindingar í árslok út frá þróun í hagstærðum, réttindaávinnslu og greiðslu til lífeyrisþega.

Vakin er athygli á því að áhrif nýrra launaviðmiða vegna nýsamþykkrar kjarasamninga á lífeyrisskuldbindingu hafa verið áætlaðar og skuldbindingar hækkaðar vegna þessa. Sjá nánari umfjöllun á bls. 29.

Langtímakröfur



Reykjavíkurborg hefur gert ýmsa samninga um úthlutanir lóða og sölu byggingarréttá á undanförunum árum. Oft fela þessir samningar í sér greiðslu fyrir byggingarétti og gatnagerðargjöld að uppfylltum ákveðnum skilyrðum í framtíð og þá með afhendingu eigna. Samtals nema langtímakröfur 7,8 ma. kr. að nafnverði í bókum borgarinnar. Til að mæta þeirri óvissu sem kann að vera um tímasetningu á innheimtu krafna og vegna annarra óvissuþátta hefur verið færð 4,4 ma. kr. varúðarniðurfærsla til lækkunar á bókfærðu virði þeirra í ársreikningnum en óvissa er um fjármögnun nokkurra verkefna.

Breytingar hafa verið á vinnureglum tengdum niðurfærslum á kröfum vegna byggingaréttá og gatnagerðargjalda og ber að meta þær í árslok og færa niður í samræmi við metna tapsáhættu. Einnig hafa verið ræddar og gerð drög að verklagsreglum varðandi tekjufærslu seldra byggingarréttá og hvenær tímasetja eigi tekjufærslur.

Við höfum yfirfarið forsendur fyrir mati niðurfærsluþörf langtímakrafna og staðfest tilvist þeirra með skoðun á undirliggjandi gögnum.

Helstu áherslur við endurskoðun

Viðskipti við tengda aðila

Allar rekstrareiningar



Reykjavíkurborg á nokkur viðskipti við B-hluta fyrirtæki, sem einnig eiga í viðskiptum sín á milli. Viðskipti við tengda aðila náðu meðal annars til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og álagningar opinberra gjalda, sem og annarra þjónustusamninga og eignakaupa.

Engin veruleg viðskipti milli tengdra aðila áttu sér stað á árinu.

Endurskoðun okkar á viðskiptum við tengda aðila felst í yfirferð á stærstu hreyfingum og afstemmingum á viðskiptastöðum milli félaga. Þá höfum við einnig kannað hvort einstök viðskipti eða ákvæði þjónustusamninga séu í öllum meginatriðum sambærileg og við ótengda aðila.

Áhættan á sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti

Allar rekstrareiningar



Samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum ber endurskoðendum að ganga út frá því að áhættan sé fyrir hendi að stjórnendur kunni að sniðganga innra eftirlit. Við höfum því framkvæmt endurskoðunaraðgerðir sem viðbrögð við þeirri áhættu í öllum rekstrareiningum.

Helstu aðgerðir er snúa að dagbókarfærslum, ss. yfirferð á óhefðbundnum færslum og greiningu á færslum sem gætu verið vísbendingar um sviksemi. Þá er sniðganga stjórnenda í innra eftirliti alltaf höfð til hliðsjónar við yfirferð á matskenndum liðum reikningsskilanna. Þá höfum við einnig skipulagt aðgerðir við endurskoðun launa sem m.a. eru viðbrögð við þessari áhættu.

Skuldbindingar utan efnahags og ábyrgðir



Gerð er grein fyrir skuldbindingum utan efnahagsreiknings í ársreikningum. Um er að ræða skuldbindingar vegna rekstrar- og þjónustusamninga sem Reykjavíkurborg er aðili að og ábyrgðir á tilteknum skuldum vegna kirkjubýgginga. Þá er jafnframt upplýst um skuldbindingar A-hluta Reykjavíkurborgar vegna B-hluta fyrirtækja utan efnahags.

Við höfum yfirfarið upplýsingar í ársreikningi um skuldbindingar utan efnahagsreiknings og ábyrgðir og lagt mat á réttmæti þeirra, auk þess að hafa skipulagt endurskoðunaraðgerðir til að leita eftir vísbendingum um samninga, ábyrgðaryfirlýsingar eða annað sem gæti gefið tilefni til skuldbindinga utan efnahagsreiknings sem greina þarf frá.

Athygli er vakin á því að skuldbindingar utan efnahags vegna Félagsbústaða hafa aukist um 7,1 ma. kr. vegna ábyrgða sem Aðalsjóður gekkst við vegna útgáfu félagslegra skuldabréfa. Á móti kemur að skuldbindingar vegna skulda Orkuveitu Reykjavíkur hafa lækkað um 10,6 ma. kr. þar sem Orkuveitan hefur endurfjármagnað skuldir sínar á erlendum mörkuðum.

Kafli 2

Rekstrarniðurstaða A-hluta




Rekstrarreikningur A-hluti

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings A-hluta

- Rekstrarafgangur A-hluta Reykjavíkurborgar nam 1,4 ma. kr. á árinu samanborið við 4,7 ma. kr. afgang árið áður.
- Skatttekjur og framlag jöfnunarsjóðs nemur samtals 106,8 ma. kr., hækka um 7% milli ára. Útsvarstekjur borgarinnar hafa aukist um 5% milli ára, helst í hendur við íbúafjölgun og hækkun launavísitölu. Fasteignaskattar hafa aukist um 15% milli ára. Framlag jöfnunarsjóðs nemur 7,5 ma. kr. og er svipað og árið áður.
- Aðrar tekjur nema 16,5 ma. kr. á árinu. Aðrar tekjur eru helstar þjónustutekjur, eignatekjur og aðrar sértekjur sviða. Aðrar tekjur dragast saman um 16% milli ára, helst vegna lægri tekjufærslu af seldum byggingarréttum og söluhagnaði eigna.
- Laun og launatengd gjöld aukast um 8% milli ára. Launahækkun skýrist meðal annars af aukningu stöðugilda hjá borginni en þau aukast um 3,5% milli ára auk sammingsbundinna og væntra hækkana. Sjá nánar á bls. 29.
- Annar rekstrarkostnaður nemur 45,7 ma. kr. og eykst um 9% milli ára.
- Afskriftir ársins aukast á milli ára um 8% nema 5,3 ma. kr. Helst má rekja aukningu til nýfjárfestinga.
- Hreinar fjármagnstekjur nema 0,4 ma. kr. samanborið við 0,5 ma. kr. árið á undan.


<i>i m.kr.</i>	2019	2018	%
Skatttekjur og framlag jöfnunarsjóðs	106,8	100,0	7%
Aðrar tekjur	16,5	19,7	-16%
Laun og launatengd gjöld	-68,2	-63,2	8%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	-3,2	-4,7	-32%
Annar rekstrarkostnaður	-45,7	-41,8	9%
Rekstrarhagnaður án afskrifta	6,3	10,1	-38%
Fyrningar	-5,3	-4,9	8%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	0,4	-0,5	-194%
Hagnaður ársins	1,4	4,7	-71%




Samanburður við fjárhagsáætlun A-hluti

Samanburður við fjárhagsáætlun A-hluta

- Áætlanir gerðu ráð fyrir rekstrarafgangi sem nemur 3,6 ma. kr.
- Skatttekjur og framlag jöfnunarsjóðs reyndust 1,6 ma.kr undir áætlunum. Aðrar tekjur reyndust 2,0 ma. kr. undir áætlunum, sérstaklega þar sem tekjur af seldum byggingarréttum og seldum lóðum reyndust lægri en áætlað hafði verið.
- Launaliður reyndist nokkuð lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir en annar rekstrarkostnaður hærri.
- Að neðan má sjá aukningu hreinna útgjalda (útgjöld að frádregnum sértekjum) einstakra sviða samanborið við áætlun.



<i>i m.kr.</i>	Raun	Áætlun	%
Skatttekjur og framlag jöfnunarsjóðs	106,8	108,4	-1%
Aðrar tekjur	16,5	18,5	-11%
Laun og launatengd gjöld	-68,2	-70,4	-3%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	-3,2	-3,8	-15%
Annar rekstrarkostnaður	-45,7	-43,6	5%
Rekstrarhagnaður án afskrifta	6,3	9,2	-32%
Fyrningar	-5,3	-5,1	4%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	0,4	-0,5	-190%
Hagnaður ársins	1,4	3,6	-62%



Efnahagsreikningur A-hluti

Helstu niðurstöður efnahagsreiknings A-hluta

- Heildareignir A-hluta námu 209,9 ma. kr. í árslok 2019, aukast um 3% milli ára.
- Varanlegir rekstrarfjármunir nema 153,9 ma. kr. og samanstanda af fasteignum, gatnakerfum og áhöldum og tækjum auk þess sem leigusamningar sem uppfylla skilyrði um eignfærslu eru reiknaðir upp og færðir meðal fastafjármuna. Eignfærslur ársins að frádregnum gatnagerðargjöldum námu 14,2 ma. kr. og fyrningar 5,3 ma. kr.
- Meðal áhættufjármuna og langtímakrafna eru veitt stofnframlög, eignarhlutir í félögum, þ.a.m. B-hluta fyrirtækjum, kröfur á Orkuveitu Reykjavíkur auk ýmissa langtímakrafna vegna seldra byggingarrétta og úthlutaðra lóða. Samtals er bókfært verð þessara eigna 32,1 ma. kr. og dragast saman um 2,4 ma. kr. frá áramótum.
- Veltufjármunir nema 23,9 ma. kr., þar af handbært fé 8,8 ma. kr. Veltufjárhlutfall er 1,17.
- Lífeyrisskuldbinding nemur 36,3 ma. kr. og eykst um 0,7 ma. kr. milli ára.
- Langtímaskuldir nema 55,4 ma. kr. á árinu, aukast um 3,0 ma. kr. á milli ára. Reykjavíkurborg gaf út ný skuldabréf að fjárhæð 4,3 ma. kr. á árinu.
- Skammtímaskuldir nema 18,0 ma. kr. á árinu samanborið við 17,6 ma. kr. í upphafi ársins.
- Eigið fé A-hluta nemur 96,7 ma. kr. og eiginfjárhlutfall er 47%.



<i>í ma.kr.</i>	31.12.2019	31.12.2018	%
Varanlegir rekstrarfjármunir	153,9	145,3	6%
Áhættufjármunir og langtímakröfur	32,1	34,5	-7%
Fastafjármunir samtals	186,0	179,8	3%
Næsta árs afborganir langtímakrafna	1,9	2,5	-24%
Aðrar skammtímaskuldir	13,1	12,1	9%
Handbært fé	8,8	10,0	-12%
Veltufjármunir samtals	23,9	24,7	-3%
Eignir samtals	209,9	204,5	3%

	31.12.2019	31.12.2018	%
Eigið fé	97,7	96,3	1%
Lífeyrisskuldbinding	36,3	35,6	2%
Langtímaskuldir og leiguskuldir	55,4	52,4	6%
Langtímaskuldir og skuldbindingar	91,7	88,0	4%
Næsta árs afb. langt.skulda	2,5	2,5	1%
Aðrar skammtímaskuldir	18,0	17,6	2%
Skammtímaskuldir samtals	20,5	20,1	2%
Skuldir og eigið fé samtals	209,9	204,5	3%

Fjárfestingar og sjóðstreymi A-hluti

Fjárfestingar A-hluta

- Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum eignfærðum gatnagerðargjöldum námu 14,2 ma. kr. samanborið við 16,1 ma. kr. fjárfestingar á síðasta ári. Áætlanir með viðaukum gerðu ráð fyrir 15,0 ma. kr. fjárfestingum.
- Stærstu einstöku fjárfestingar ársins utan gatnaframkvæmda eru vegna framkvæmda í Úlfarsárdal vegna skóla, menningarmiðstöðvar, sundlaugar og íþróttahús, auk þess vegna framkvæmda á og við ÍR svæði í suður Mjódd og hverfastöðvar í Örfirisey.
- Handbært fé frá rekstri nam 11 ma. kr. samanborið við 14,3 ma. kr. á síðasta ári.
- Tekin voru ný lán sem námu 4,3 ma.kr á árinu með skuldabréfaútgáfu.



Kafli 3

Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta og helstu B-hluta félaga




Rekstrarreikningur A- og B-hluti

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings A- og B-hluta

- Hagnaður A- og B-hluta nam 11,2 ma. kr. á árinu samanborið við 12,3 ma. kr. hagnað árið áður.
- Rekstrarhagnaður án afskrifta nemur 39,4 ma. kr. og dregst saman um 4,3 ma. kr. milli ára eða sem nemur 10%. Lækkun rekstrarhagnaðar A-hluta skýrir að mestu leyti lækkun rekstrarhagnaðar á milli ára.
- Innbyggð afleiða í reikningsskilum Orkuveitu Reykjavíkur hefur töluverð áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins, líkt og undanfarin ár. Gjaldfærsla vegna afleiðunnar nemur 1,4 ma. kr. samanborið við 7,5 ma. kr. gjaldfærslu árið á undan. Hagnaður A- og B-hluta eykst um 6,2 ma. kr. á milli ára vegna þessa.
- Matsbreyting fjárfestingarfasteigna Félagsbústaða hf. nemur 4,8 ma. kr. en nam 3,0 ma. kr. árið áður.
- Tekjuskattur reiknast af skattskyldri starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur, sveiflur milli ára helgast af áhrifum innbyggðrar afleiðu.


<i>í ma.kr.</i>	2019	2018	%
Skatttekjur og framlag jöfnunarsjóðs	106,1	99,5	7%
Aðrar tekjur	79,1	80,5	-2%
Laun og launatengd gjöld	-83,3	-77,1	8%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	-3,3	-4,8	-32%
Annar rekstrarkostnaður	-59,2	-54,3	9%
Rekstrarhagnaður án afskrifta	39,4	43,8	-10%
Fyrningar	-19,0	-16,7	14%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-11,5	-10,6	9%
Áhrif innbyggðar afleiðu OR	-1,4	-7,5	-82%
Tekjuskattur	-0,4	1,4	-127%
Matsbreyting fjárfestingarfasteigna	4,8	3,0	63%
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildar- og dótturf.	-0,8	-1,0	-18%
Hagnaður ársins	11,2	12,3	-9%




Samanburður við fjárhagsáætlun A- og B-hluti

Samanburður við fjárhagsáætlun A- og B-hluta

- Áætlanir gerðu ráð fyrir rekstrarafgangi sem nemur 12,0 ma. kr. af samanteknum A- og B-hluta. Helst munar um frávik í öðrum tekjum, bæði A-hluta og Orkuveitu Reykjavíkur sem og matsbreytingu fjárfestingareigna Félagsbústaða hf.
- Að neðan má sjá aukningu hreinna útgjalda (útgjöld að frádregnum sértekjum) einstakra félaga í samanteknum A- og B-hluta Reykjavíkurborgar samanborið við áætlun.



<i>i ma.kr.</i>	Raun	Áætlun	%
Skatttekjur og framlag jöfnunarsjóðs	106,1	107,7	-1%
Aðrar tekjur	79,1	84,3	-6%
Laun og launatengd gjöld	-83,3	-86,4	-4%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	-3,3	-3,8	-13%
Annar rekstrarkostnaður	-59,2	-57,9	2%
Rekstrarhagnaður án afskrifta	39,4	44,0	-10%
Fyrningar	-19,0	-16,9	12%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-12,9	-15,0	-14%
Matsbreyting fjárfestingarfasteigna	4,8	1,4	251%
Aðrir liðir	-1,2	-1,4	-17%
Hagnaður ársins	11,2	12,0	-7%




Rekstur helstu B-hluta félaga

Orkuveita Reykjavíkur




- Hagnaður tímabilsins nemur 6,9 ma. kr. samanborið við 6,0 ma. kr. árið á undan.
- Rekstrartekjur nema 46,6 ma. kr., hækka um 1% milli ára.
- Rekstrarhagnaður án afskrifta dregst saman um 2% milli ára.
- Matsbreyting fjáreigna og fjárskulda er neikvæð um 2,0 ma. kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 7,2 ma. kr. á sama tímabili í fyrra, helgast helst af breytingu á innbyggðri afleiðu OR.



Félagsbústaðir



- Hagnaður tímabilsins nemur 4,5 ma. kr. samanborið við 2,4 ma. kr. árið á undan.
- Rekstrartekjur nema 4,5 ma. kr., hækka um 12% milli ára. Hækkun rekstrartekna má meðal annars rekja til hækkunar á leigu til Velferðarsviðs borgarinnar sem var afturvirk að hluta.
- Rekstrarkostnaður eykst um 11% á milli ára. Aukning er helst á framkvæmdagjöldum húsfélaga.
- Matsbreyting fjárfestingareigna í eigu félagsins nam 4,8 ma.kr samanborið við 2,9 ma. kr. árið áður.
- Félagið hefur endurfjármagnað skuldir sínar með hagstæðari lánakjörum á árinu.




Rekstur helstu B-hluta félaga

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.




- Hagnaður ársins nemur 129,4 millj.kr. samanborið við 85,1 millj.kr. árið á undan. Rekstrarhagnaður án afskrifta nemur 214,1 millj.kr., eykst um 48% á milli ára.
- Rekstrartekjur nema 3.120,4 millj.kr. hækka um 7% milli ára en mest aukning er í tekjum vegna sjúkraflutninga.
- Laun og launatengd gjöld aukast um 5% milli ára og nema 2.438,7 millj.kr. Meðalföldi starfsmanna, umreiknaður í heilsársstörf fjölgaði á árinu eða úr 183 í 188 en einnig hefur eingreiðsla á árinu áhrif á laun til hækkunar.
- Annar rekstrarkostnaður nemur 468 millj.kr. og eykst um 1% milli ára. Helst má nefna aukningu í viðhaldskostnaði og gjaldfærðum áhöldum.



Faxaflóahafnir sf.



- Hagnaður tímabilsins nemur 883 millj.kr. samanborið við 1.725 millj.kr. árið á undan.
- Rekstrartekjur nema 4.121 millj.kr., aukast um 4% milli ára. Hækkunina má helst rekja til hækkana í skipagjöldum og farþegagjaldi auk þess sem eignatekjur hækka.
- Launakostnaður eykst um 11% milli ára, helst vegna kjarasamningsbundinna hækkana og aukins kostnaðar vegna veikinda. Annar rekstrarkostnaður eykst um 18% milli ára. Helsta aukning í kostnaði er vegna hafnarmannvirkja en aukin viðhaldspörf hefur verið að safnast upp undanfarin ár.
- Árið 2018 var færður undir óreglulegum liðum söluhagnaður að fjárhæð 624,3 millj.kr. vegna sölu lands í Sævarhöfða til Reykjavíkurborgar. Ekki var um verulegar sölur á árinu 2019 að ræða.




Rekstur helstu B-hluta félaga

Sorpa bs.




- Hagnaður tímabilsins nemur 96,3 millj.kr. samanborið við 542,2 millj.kr. árið á undan, dregst saman um 82%.
- Rekstrartekjur nema 3.848,2 millj.kr. og lækka um 8% milli ára. Lækkunina má helst rekja til minnkunar móttökugjalda vegna magnminnkunar í úrgangi. Einnig átti sér stað verðlækkun á endurvinnsluafurðum sem og framlög frá Úrvinnslusjóði voru lægri árið 2019, þar sem að plast fór ekki í efnisendurvinnslu í Svíþjóð heldur í brennslu.
- Laun og launatengd gjöld aukast um 4% milli ára og nema 1.198,1 millj.kr. í árslok 2019. Hækkun er fyrst og fremst tilkomin vegna samningsbundinna hækkana.
- Annar rekstrarkostnaður nemur 2.277,4 m.kr. og lækkar óverulega á milli ára.



Strætó bs.



- Tap er af rekstri Strætó bs. á árinu sem nemur 36,9 millj.kr. samanborið við 122,9 millj.kr. tap árið á undan.
- Rekstrarframlög eignaraðila nema 3.836,2 millj.kr., aukast um 8% á milli ára. Rekstrarframlög eru innheimt á grundvelli fjárhagsáætlunar. Ríkisframlag nemur 887,2 millj.kr., dregst saman um 2% milli ára.
- Aðrar tekjur, fargjöld, tekjur af aksturþjónustu fatlaðra, o.fl. nema 4.023,8 millj.kr. og aukast um 4% milli ára.
- Kostnaður rekstrarsviðs eykst um 3% milli ára. Almennt séð eru hækkarnir í samræmi við almennar verðlagshækkarnir og hækkarnir á launum og launatengdum gjöldum. Kostnaður samreksturs hækkar um 7% milli ára. Hækkunina má rekja í aukningu launakostnaðar á sviðinu.



Efnahagsreikningur A- og B-hluti








Helstu niðurstöður efnahagsreiknings A- og B-hluta

- Heildareignir A- og B-hluta námu 688,9 ma. kr. í árslok 2019, aukast um 7% milli ára. Eigið fé nemur 343,9 ma. kr. og er eiginfjárlutfall 50%.
- Varanlegir rekstrarfjármunir nema 601,9 ma. kr. og samanstanda af fasteignum, gatnakerfum, áhöldum og tækjum, leigueignum auk veitukerfa. Veitukerfi Orkuveitu Reykjavíkur nema 319,4 ma. kr. að bókfærðu verði eða sem nemur 53% af öllum varanlegum fastafjármunum samstæðunnar. Eignfærslur ársins að frádregnum gatnagerðargjöldum námu 39,1 ma. kr., fyrningar 19,0 ma. kr. og endurmat veitukerfa, lóða og lenda nemur 32,9 ma. kr., en það er fært yfir eigið fé.
- Meðal áhættufjármuna og langtímakrafna eru veitt stofnframlög, eignarhlutir í félögum utan samstæðu, tekjuskattsinneign Orkuveitu Reykjavíkur, auk ýmissa langtímakrafna vegna seldra byggingarréttá og úthlutaðra lóða. Samtals er bókfært verð þessara eigna 27,8 ma. kr.
- Veltufjármunir nema 56,0 ma. kr., þar af handbært fé 21,9 ma. kr. Veltufjárlutfall er 114%.
- Meðal skuldbindinga er lífeyrisskuldbinding A-hluta og tekjuskattsskuldbinding Orkuveitu Reykjavíkur, auk skuldbindinga vegna stofnframlaga frá Ríki hjá Félagsbústöðum. Samtals nema skuldbindingar 53,4 ma. kr. og aukast um 6% milli ára.
- Langtímaskuldir nema 236,6 ma. kr. á árinu, aukast um 18,6 ma. kr. á milli ára. Reykjavíkurborg gaf út ný skuldabréf að fjárhæð 4,8 ma. kr. á árinu. Orkuveita Reykjavíkur og Félagsbústaðir fóru einnig í skuldabréfaútgáfu. Orkuveita Reykjavíkur gaf út græn skuldabréf fyrir 13,8 ma.kr. og Fékagsbústaðir gáfu út félagsleg skuldabréf fyrir 6,4 ma.kr. Einnig voru nýjar lántöku hjá Sorpu á árinu.
- Innbyggðar afleiður og áhættuvarnarsamningar samanstanda af afleiðusamningum á efnahagsreikningi Orkuveitu Reykjavíkur. Samtals nema innbyggðar afleiður 5,3 ma. kr. til skuldar í árslok samanborið við 4,3 ma. kr. árið áður.

<i>i ma.kr.</i>	31.12.2019	31.12.2018	%
Óefnislegar eignir	2,5	2,0	25%
Varanlegir rekstrarfjármunir	601,9	553,9	9%
Áhættufjármunir og langtímakröfur	28,6	28,3	1%
Fastafjármunir samtals	632,9	584,2	8%
Birgðir	1,6	1,6	1%
Næsta árs afborganir langtímakrafna	0,9	1,5	-41%
Aðrar skammtímakröfur	31,5	21,0	50%
Handbært fé og bundnar innistæður	21,9	33,2	-34%
Veltufjármunir samtals	56,0	57,4	-2%
Eignir samtals	688,9	641,6	7%

	31.12.2019	31.12.2019	%
Eigið fé	343,9	317,2	8%
Skuldbindingar	53,4	50,3	6%
Langtímaskuldir og leiguskuldir	236,6	218,0	9%
Innbyggðar afleiður og áhættuv.samningar	5,9	5,0	17%
Langtímaskuldir og skuldbindingar	296,0	273,3	8%
Næsta árs afb. langt.skulda	17,5	19,7	-11%
Aðrar skammtímaskuldir	31,5	31,4	0%
Skammtímaskuldir samtals	49,1	51,0	-4%
Skuldir og eigið fé samtals	688,9	641,6	7%

Efnahagsreikningur A- og B-hluti



<i>í ma.kr.</i>								Önnur	Millifærslur	Samtals A+B
Óefnislegar eignir	-	2,5	-	-	-	-	-	-	-0,0	2,5
Varanlegir rekstrarfjármunir	153,9	331,4	92,3	2,3	12,9	6,8	1,9	3,4	-3,0	601,9
Áhættufjármunir og langtímakröfur	31,3	10,4	0,0	0,2	0,3	0,1	0,7	0,0	-15,2	27,8
Fastfjármunir samtals	185,2	344,3	92,4	2,4	13,2	6,8	2,6	3,4	-18,2	632,1
Birgðir	-	1,2	-	-	-	-	0,1	0,3	0,0	1,6
Næsta árs afborganir langtímakrafna	2,7	-	-	-	0,3	0,2	-	0,0	-1,4	1,7
Aðrar skammtímakröfur	12,9	5,9	0,3	0,2	1,2	0,5	0,7	0,2	9,6	31,3
Handbært fé og bundnar innistæður	8,8	18,5	1,1	0,3	1,4	0,4	0,4	0,9	-9,8	21,9
Veltufjármunir samtals	24,5	25,5	1,3	0,5	2,8	1,0	1,2	1,4	-1,7	56,6
Eignir samtals	209,7	369,9	93,7	2,9	16,0	7,9	3,7	4,8	-19,9	688,7
Eigið fé	97,7	182,3	47,2	2,2	14,9	3,8	1,7	2,3	-8,3	343,9
Skuldbindingar	36,3	15,4	1,6	-	-	0,4	-	0,2	-0,5	53,4
Langtímaskuldir og leiguskuldir	55,4	141,9	42,8	0,2	0,6	2,6	1,0	2,1	-10,0	236,6
Innbyggðar afleiður og áhættuv.samningar	-	5,3	-	-	-	-	-	-	0,6	5,9
Langtímaskuldir og skuldbindingar	91,7	162,6	44,4	0,2	0,6	3,0	1,0	2,3	-9,9	296,0
Næsta árs afb. langt.skulda	2,5	15,2	0,8	0,0	0,1	0,3	0,0	0,0	-1,5	17,5
Aðrar skammtímaskuldir	17,8	9,7	1,2	0,4	0,4	0,8	0,9	0,2	-0,3	31,3
Skammtímaskuldir samtals	20,2	25,0	2,1	0,5	0,5	1,1	1,0	0,2	-1,7	48,8
Skuldir og eigið fé samtals	209,7	369,9	93,7	2,9	16,0	7,9	3,7	4,8	-19,9	688,7

Fjárfestingar og sjóðstreymi A- og B-hluti

Fjárfestingar og sjóðstreymi A- og B-hluta

- Fjárfestingar að frádregnum eignfærðum gatnagerðargjöldum námu 45,7 ma. kr. samanborið við 37,5 ma. kr. fjárfestingum á síðasta ári. Áætlanir með viðaukum gerðu ráð fyrir 44,9 ma. kr. fjárfestingum.
- Orkuveita Reykjavíkur hefur fjárfest fyrir um 21,9 ma. kr. á árinu, helst í framleiðslukerfum og veitukerfum. Þá hafa einnig verið nokkrar fjárfestingar hjá Sorpu bs vegna nýrrar gas- og jarðgerðarstöðvar og Félagsbústaðir keyptu nýjar eignir á árinu fyrir 4,5 ma. kr.
- Handbært fé frá rekstri A- og B-hluta nam 36,2 ma. kr. samanborið við 36,5 ma. kr. á síðasta ári.
- Nokkur B-hluta félög tóku ný lán á árinu, bæði til endurfjármögnunar eldri skulda og til fjármögnunar nýfjárfestinga. Helstar eru lántökur hjá Orkuveitu Reykjavíkur 17,0 ma. kr., hjá Félagsbústöðum 5,2 ma. kr. og hjá Sorpu bs. 2,7 ma. kr.

Breytingar á handbæru fé



Kaflí 4

Ábendingar vegna innra eftirlits og önnur mikilvæg atriði



Innra eftirlit og fjárhagskerfi

Veikleikar í innra eftirliti og aðrar ábendingar

Við endurskoðun okkar á ársreikningi Reykjavíkurborgar komu fram vankantar bæði er varðar innra eftirlit og ferli við gerð reikningsskila og fjárhagsupplýsinga. Þá höfum við einnig nokkrar ábendingar fram að færa í þeim tilgangi að styrkja innra eftirlit. Þessum ábendingum og athugasemdum höfum við komið á framfæri við stjórnendur og þær helstu eru nefndar hér til hliðar.

Innri endurskoðun

Hjá Reykjavíkurborg er starfrækt innri endurskoðunardeild. Við teljum hlutverk innri endurskoðunar sérstaklega mikilvægan þátt í eftirlitskerfi borgarinnar. Við skipulagningu endurskoðunar og áhættumat okkar höfum við yfirfarið útgefnar skýrslur innri endurskoðunar og fundað með innri endurskoðanda.

Helstu ábendingar

- Í endurskoðunarskýrslu 2018 var þeirri ábendingu komið á framfæri að setja þarf reglur um tekjufærslu byggingarréttá og lóðaúthlutana og mat á kröfum þeim tengdum. Innleitt hefur verið breytt verklag um niðurfærslu óvissra krafna og verklagsreglur um tekjufærslur eru í vinnslu. Einnig er það mat okkar að þörf er á að endurskoða reglur um innlausn gatnagerðargjalda og krafna þeim tengdum og höfum við komið þeim ábendingum á framfæri til Fjármála- og áhættustýringarsviðs.
- Nokkrum ábendingum er komið á framfæri varðandi yfirferð fyrningaskrár í tengslum við ársuppgjör, líftíma einstakra eigna, afstemmingar við opinber gögn og um skortur á skýrari reglum um eignfærslur á meiriháttar viðhaldi. Fyrir liggja áætlanir um átaksverkefni á Fjármála- og áhættustýringarsviði á árinu 2020 sem er ætlað meðal annars að bregðast við þeim ábendingum.
- Nokkrum athugasemdum og ábendingum er komið á framfæri varðandi upplýsingatæknimál, m.a. varðandi lokun netaðganga við starfslok starfsmanna. Unnið er að úrbótum á þessum ábendingum.

Stjórnsýsluskoðun og fjárhagsleg viðmið

Kröfur um stjórnsýsluskoðun

Samhliða vinnu við endurskoðun ársins 2019 hefur verið kannað hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélagsins og einstakar ákvarðanir þess séu í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélaga, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.



Ábendingar og athugasemdir

- Frá árinu 2008 hefur innri endurskoðun framkvæmt mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar og birt skýrslur þess efnis með reglulegum hætti. Þessar úttektir eru mikilvægur þáttur í að bæta almennt umhverfi stjórnsýslu og innra eftirlits. Þá framkvæmir innri endurskoðun árlegar úttektir samkvæmt framlagðri endurskoðunaráætlun. Nýjasta úttektin var birt í maí 2019. Að mati Innri endurskoðunar hefur eftirlitsumhverfi borgarinnar styrkst á liðnu ári með samþykkt tillagna að breyttu stjórnskipulagi.
- Í endurskoðunarskýrslu ársins 2018 bentum við á að bæta mætti eftirfylgni með ábendingum eftirlitsaðila, ss. innri eða ytri endurskoðenda. Var lagt til að verkefninu verði fundinn miðlægur ábyrgðaraðili sem safnar saman athugasemdum frá eftirlitsaðilum og fylgir þeim eftir. Innri endurskoðun hefur nú tekið verkefnið að sér fyrir hönd Endurskoðunarnefndar.
- Framkvæmd var skoðun á því hvort fjárfestingar Eignasjóðs væru í samræmi við samþykktá fjárhagsáætlun. Úttektin var í meginatriðum athugasemdalaus. Töluverð umræða hefur þó verið um hvernig tülka skuli 63. gr. sveitarstjórnarlaga um það hvenær þörf er á viðaukum við fjárhagsáætlun. Aflað var sérfræðiálits um túlkun á greininni á árinu en niðurstöður eru þó ekki afgerandi. Það er mat okkar að mikilvægt er að skýra betur reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlaana Reykjavíkurborgar.

Fjárhagsleg viðmið og aðrar reglur um fjármál sveitarfélaga

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Sveitarfélagið uppfyllir öll fjárhagsleg viðmið sem sett eru í sveitarstjórnarlögum og reglugerðum.



Önnur mikilvæg atriði

Málaferli og skaðabótakröfur

Við höfum fengið frá borgarlögmanni samantekt á málaferlum og mögulegum ágreiningsefnum sem leitt gætu til skaðabótakrafna á hendur borginni. Tilgangur yfirferðarinnar er að leggja mat á hvort greina þurfi frá slíkum málum í ársreikningi borgarinnar og mögulega færa upp skuldbindingar vegna þeirra. Engar slíkar skuldbindingar eru færðar í A-hluta í árslok 2019.

Gert er grein fyrir stefnu Sérverks ehf. á hendur borginni vegna álagningar svonefnds innviðagjalds. Aðalmeðferð í málinu í Héraðsdómi er áætluð í maí 2020. Má ætla að endurgreiðslur borgarinnar, falli málið borginni í óhag, komi til með að nema allt að milljarði króna.

Strató bs. hefur fært upp skuldbindingar vegna viðurkenndrar skaðabótakröfu vegna ólögmeats útboðs. Þá er Orkuveita Reykjavíkur í málaferlum vegna uppgjörs gjaldfallinna afleiðusamninga, sjá nánar í skýringu 54 í ársreikningnum.

Áhrif kjarasamninga

Í mars 2020 voru gerðir kjarasamningar við Eflingu og Sameyki en samningar höfðu verið lausir frá því 1. apríl 2019. Fólu hinir nýsamþykktu kjarasamningar í sér afturvirkar leiðréttingar launa frá því samningar voru lausir sem koma til greiðslu í maí 2020.

Á síðasti ári voru greiddar út sérstakar eingreiðslur ætlaðar til að mæta þessum fyrirséðu launahækkunum. Þær eingreiðslur námu 718 m.kr. Kjaraskrifstofa áætlaði afturvirkar greiðslur vegna hinna nýgerðu kjarasamninga umfram þessar eingreiðslur og var ákveðið að færa áhrifin meðal launakostnaðar á árinu 2019. Var gjaldfært 676 millj.kr sem laun og launatengd gjöld vegna þessa. Því til viðbótar fór fram mat launahækkana á lífeyrisskuldbindingar borgarinnar og nam það 3,7 ma. kr. til hækkunar. Samtals hefur því verið gjaldfært í rekstri borgarinnar 4,5 ma. kr. í launakostnað vegna þessa og fært til skuldar.

Vakin er athygli á því að þessi viðbótarkostnaður var færður í heild sinni á sameiginlegan kostnað en ekki niður á einstök svið, líkt og gert er með aðrar ávinnsur launa.

Rekstrarhæfi Félagsbústaða

Við endurskoðun síðasta árs vöktum við athygli á fjárhagsstöðu Félagsbústaða hf. með umfjöllun um rekstrarhæfi félagsins. Samkvæmt eigendastefnu félagsins skal rekstur þess vera sjálfbær. Við teljum ekki að vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins en lítið má út af bregða svo handbært fé frá rekstri dugi fyrir afborgunum lána. Ákveðin hagræðing var þó í uppgreiðslu óhagkvæmra lána og má vænta lækkaðrar greiðslubyrði vaxta á árinu 2020. Lækkun vaxta á markaði eykur tækifæri Félagsbústaða til endurfjármögnunar og lækkunar vaxtagjalda sem mun bæta rekstrarhæfi félagsins til lengri tíma lítið. Þá hafa leigutekjur vegna leigusamninga við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar verið hækkaðir. Vakin er athygli á því að við gerð 5 ára fjárhagsáætlunar var niðurstaða stjórnenda sú að auka þyrfti tekjur um 2% umfram verðlag á árinu 2022 til að rekstur félagsins stæði undir sér.

Reikningsskilaaðferðir Félagsbústaða

Við höfum átt viðræður við endurskoðunarnefnd um reikningsskilaaðferðir Félagsbústaða, þá sérstaklega beitingu alþjóðlega reikningsskilastadalsins IAS 40 við mat á fasteignum félagsins í útleigu (fjárfestingareignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning). Eins og gerð var grein fyrir í endurskoðunarskýrslu ársins 2018 er óumdeilt mat okkar að beiting aðferðarinnar sé heimil samkvæmt IFRS og íslenskum ársreikningalögum og félaginu er í sjálfs vald sett hvorri aðferðinni sé beitt, gangvirðisáðferð eða færa eignasafn sitt á kostnaðarverði.

Önnur mikilvæg atriði

Áhrif COVID-19

Samkvæmt lögum um ársreikninga skal gera grein fyrir markverðum atburðum eftir að reikningsárinu lýkur í skýrslu stjórnar og eftir atvikum í skýringum ársreikningsins. Hefur af þeim sökum verið bætt við umfjöllun í skýrslu borgarstjóra og borgarstjórnar um möguleg áhrif faraldursins á borgina auk þess sem skýringu er að finna í ársreikningnum um atburði eftir reikningsskiladag.

Fyrir liggur að útbreiðsla faraldursins mun hafa mikil fjárhagsleg áhrif á Reykjavíkurborg þar sem viðbúið er að tekjur lækki og velferðargjöld hækki, m.a. vegna aukins atvinnuleysis.

Við vísum til þessarar umfjöllunar í áritun okkar við ársreikninginn án þess að gera fyrirvara við álit okkar.

Breyttar reikningsskilaaðferðir vegna leigusamninga

Þann 1. janúar 2019 tók gildi reikningsskilastaðalinn IFRS 16 um leigusamninga. Innleiðing staðalsins felur í sér breytta meðferð leigusamninga í reikningsskilum leigutaka og leigusala. Með innleiðingunni er leigutökum gert skylt að færa leigusamninga til lengri en eins árs í efnahagsreikning með þeim hætti að núvirði leigugreiðslna er fært sem leiguskuld og á móti eignfærður nýtingarréttur (leigueign).

Orkuveita Reykjavíkur hefur innleitt staðalinn frá og með 1. janúar 2019. Fyrir vikið voru færðar upp leigueignir sem nema 2,5 ma. kr. og samsvarandi leiguskuld á móti. Félagsbústaðir hafa einnig innleitt staðalinn en hann hefur óveruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

Staðalinn hefur jafnframt áhrif á önnur B-hluta félög þar sem lög um ársreikninga innihalda ekki skýr fyrirmæli um meðferð leigusamninga í reikningsskilum og vísa í alþjóðlega reikningsskilastaðla. Reikningsskilaráð gaf þó út að félögum væri heimilt að fresta innleiðingu reikningsskilaaðferðinnar í tvö ár það minnsta. Hafa því önnur B-hluta félög ekki innleitt aðferðina í reikningsskilum sínum.



© 2018 Grant Thornton International Ltd. All rights reserved.

Grant Thornton® refers to the brand under which the Grant Thornton member firms provide assurance, tax and advisory services to their clients and/or refers to one or more member firms, as the context requires.

Grant Thornton endurskoðun ehf. is a member firm of Grant Thornton International Ltd (GTIL). GTIL and the member firms are not a worldwide partnership. GTIL and each member firm is a separate legal entity. Services are delivered by the member firms.

GTIL does not provide services to clients. GTIL and its member firms are not agents of, and do not obligate, one another and are not liable for one another's acts or omissions.

www.grantthornton.global